

Fundargerð 136. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 26. september 2019 kl. 13:00 á Laugarvatni orlofsbyggð VM

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Samúel Ingvason, Símon Guðvarður Jónsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Andrés Bjarnason, Guðni Þór, Brynjólfur Árnason.

Fjarverandi: Sigurður Gunnar Benediktsson, Svanur Gunnsteinsson og Agnar Ólason

Fundarritari: Guðni Gunnarsson.

Dagskrá :

1. **Frágangur á fundargerð stjórnarfunda VM nr. 134 og nr. 135.** Guðmundur formaður setti fundinn og lagði fram fundargerð síðasta stjórnarfundar til undirritunar þar sem engar athugasemdir hefðu borist voru þær samþykktar en undirskrift bíður til næsta fundar þar sem fundargerðir gleymdust í bænum.
2. **Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM.**

LÝSA – ROKKHÁTÍÐ

Formaður fer yfir verkefnið LÝSA Rokkhátíð samtalsins. Þetta er byggt á hugarfóstri Olaf Palme. Það var alls ekki góð mæting af almenning á þessa hátíð.

Iðnarfélögin fóru saman í heimsókn í VMA og kynntu málefni félaganna þar.

Keyptir voru bolir fyrir stafsfólk VM til að vera á LÝSU og einnig var keypt fyrir stjórnina.

Spurt var um kostnaðinn í kringum LÝSU. Ekki búið að taka hann alveg saman en hann gæti verið í kringum 2 til 300 þús. kr.

Reiknivélin á heimasíðuna. Það styttist í hana verður vonandi komin fyrir áramót.

Kostnaðurinn verður að minnsta kosti helmingi ódýrari þar sem öll iðnaðarfélögin fara saman.

VM þingið 2019

Þingið tókst vel í alla staði. Mikil forföll voru samt á þingið vegna smalamennsku. En við sáum að þingið var haldið ca. mánuði of snemma. Tímasetning þingsins 2012 var góð.

Purfum að vinna betur í því að ná til ungarfólksins. Fara meira í skólana og vinna með skólafélögum.

Kostnaðurinn í kringum þingið er um kr. 8 milljónir.

Búið að ákveða að taka ljósleiðara inn á orlofssvæði okkar á Laugarvatni. Verklök fyrir lagningu ljósleiðara á Bláskógar svæðinu eru áætluð 15. október 2020.

IndustriAl fundar tvisvar á ári og sinnir VM því fyrir hönd iðnaðarfélaganna. Næsti fundur verður í Helsinki 26 og 27 nóvember. Eru þið á móti því ef við bjóðum öðru iðnaðarfélagi að taka sæti okkar þar og við myndum einbeita okkur frekar að NMF. FIT sinnir norræna (IN Nordic) hlutanum fyrir iðnaðarfélögin. Enginn mótmælti því. Næsti fundur NMF – fundur norrænu vélstjórafélaganna verður haldinn í Kaupmannahöfn 7 og 8 október.

Mönnunarnefnd skipa. Herjólfur eru búnir að sækja um og fá undanþágu um að hafa einn í vél og ætla þeir að sjá hvernig það reynist. Núna var verið að ná því í gegn að stóru línuskipin fái að hafa einn vélstjóra þar sem um mannlausvélarúm sé um að ræða og því ekkert mál að vélstjóri fái 8 klst. hvíld. Byrjað er að keyra þetta á einum línubát í Grindavík. Það eru lögfræðingar sem manna þessa nefnd á móti okkur fagfélögunum og hafa lítið sem ekkert vit á því hvernig störfing ganga fyrir sig um borð. Við erum búin að fá okkar lögmann til að skoða hvort við getum kært þetta.

Kjarasamningar

Búið að semja við Norðurorku og Almennasamning.

Það er verið að taka lokaskrefin hjá Landsvirkjun.

Þeir samningar sem verið er að vinna í eru:

HS-Orka, Orkuveitan, ÍSAL, Kerfóðrun, Faxaflóahafnir, Sanddæluskipin, Farmenn, Hafró, Gæslan, Orkubú Vestfjarða, Selfossveitur, Samband íslenskra sveitarfélaga, fiskiskip.

3. Orlofsmál.

Búið að selja Hraunborgir. Verðmat fyrir húsin á Klaustri er komið og er í fundargögnum.

Búið að semja við Sólar í Reykjavík og Munda afa á Akureyri um þrif á íbúðum okkar. Það hefur verið töluvert um að fólk sé að kvarta undan þrifum á íbúðum og við höfum í mörgum tilfellum þurft að gefa afslátt af leiguverði.

Búið að ákveða að setja UV Geislataeki á neysluvatnið á Laugarvatn þar sem upp hefur komist um kóligerla í vatnsbólínu okkar. Þetta var talin óumflýjanleg aðgerð sem við urðum að fara í. Allir sammála því.

4. Húsnæðismál.

Verið að ganga frá samning við RSÍ um kaup á Stórhöfða 29. Sömu hæðir og VM er á og ca. 70 til 100 fm. geymsla í kjallara. Er ekki í lagi að skrifstofan gangi í það finna aðila til að skipuleggja húsnæðið. Það er samþykkt.

5. 6 mánaða uppgjör

6. Ýmislegt til upplýsinga.

Vinnustaðafulltrúi Eyjafjarðarsvæði og Norðurland vestra
Það er samþykkt að halda þessu samstarfi áfram.

Umsókn um fræðslustyrk
Útbúa þarf verklagsreglur fyrir fræðslusjóð.
Samþykkt að leyfa þetta.

7. Önnur mál.

Tillaga kom um að orlofsnefnd fái heimild til að leiga hús erlendis og leggja hana fyrir stjórn. Samþykkt en einn sat hjá.

Tillaga kom um að stjórn og starfsfólk eyði tíma saman ca. hálfan dag og fari yfir störf starfsfólks og farið yrði út að borða um kvöldið.

Fá á fyrirtæki til að fara yfir verkferla og mannþörf á skrifstofu VM. Leitað var til ASÍ um hvaða fyrirtæki sé best að notast við. Tvö fyrirtæki sem koma til greina Capacent og Attentus þar sem Ólafía B Rafnsdóttir vinnur hjá. Samþykkt að skoða frekar Attentus.

Trúnaður innan stjórnar og nefnda VM. Það sem fer fram á fundum þar sem trúnaðar er krafist skal alls ekki ræða annars staðar.

Aðalfundur VM
Föstudaginn 27. mars 2020

Óskað var eftir að fá að skoða Stórhöfða 29 sem VM er að spá í að kaupa.
Guðmundur Helgi mun reyna að koma því í kring fyrir næsta stjórnarfund.

Ábyrgð á nýjum húsum á Laugarvatni, það þarf að skoða húsin öll betur t.d sturtuklefa.

Fundi slitið kl. 16.11